

Guðrún Friðriksdóttir Ryden frá Mýrum í Dýrafirði (1894-1973)

Guðrún Ryden var fædd 31. júlí 1894 á Mýrum í Dýrafirði, dóttir Friðriks hreppstjóra Bjarnasonar og Margrétar Guðmundsdóttur. Guðrún naut menntunar á alþýðuskólanum á Núpi og síðar í kvennaskólanum í Reykjavík. Þann 30. júlí 1922 giftist hún Carl Ryden en hann var fæddur í Reykjavík 1. okt. 1891, sonur Ólafar Gunnarsdóttur og Rydens klæðskerameistara, er var sænskur að ætt. Guðrún og Carl bjuggu fyrst á Þingeyri en síðar til Reykjavíkur. Guðrún lést 24. maí 1973 en Carl lést 3. apríl 1974.

5367/1053: - Æviferilsskýrsla Friðriks Bjarnasonar, bónda á Mýrum í Dýrafirði (f. 1861).

- Skiftagjörningur v/dánarbús Friðriks Bjarnasonar fyrrv. bónda, er síðast átti heima á Eiríksgötu 29, Rvík og andaðist 30. okt.1937. Dagsett 30. des. 1937.
- Sendibréf til Hansínu G. Guðmundsdóttur frá Guðrún F. Ryden, skrifað á Mýrum í Dýrafirði 5. maí 1929.